

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 113/2015 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2015.

1. gr.

2. másl. 4. mgr. 3. gr. sem hljóðar svo „Meðafli makrils má ekki fara yfir 30% af síldarafla í hverri veiðiferð.“ fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. október 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.